



29. árg. 2. tbl.

Ábm. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri

24. maí 2012



Í þessu fréttabréfi

Skólaslit 2012

Skólaslit verða 6. júní sem hér segir:

1.—5. bekkur kl. 10:00

6.—9. bekkur kl. 11:00

10. bekkur kl. 13:00

Foreldrar eru hvattir til að mæta með nemendum á skólaslitin.



Vorhátíð

Vorhátíð skólans verður föstudaginn 1. júní kl. **9:00 - 12:30**. Hún verður með breyttu sniði í ár. Nemendur mæta í heimastofur kl. 9:00 þar sem kennarar taka manntal og fara yfir skipulag. Nemendur í 1.- 6. bekk fara á tíu úti-stöðvar ásamt umsjónarkennara og taka þátt í ýmsum þrautum og leikjum. Nemendur í 7. - 9. bekk taka þátt í vorleikum. Þeim er þá skipt í lið sem keppa í þrautum sem reyna á ýmsa færniþætti. Nemendur 10. bekkjar verða til aðstoðar á stöðvum og í andlitsmálningu fyrir yngstu nemendur. Grænfáninn verður afhentur skólanum í þriðja sinn á vorhátíðardeginum og verður honum veitt móttaka og hann dreginn að húni um kl. 11:00. Að því loknu verður farið í skrudgöngu í Barnalund í Grænásbrekku þar sem nemendur mynda verndarhring um Barnalund og nýja hjólabrautin verður formlega vígð. Í lokin verða grillaðar pylsur með aðstoð Foreldrafélags Njarðvíkurskóla á flötinni fyrir neðan Barnalund. Foreldrar eru hvattir til að mæta á vorhátíðina og eiga góðan dag með sínum börnum.

Barnalundur

Árlega fara nemendur í 4. og 5. bekk og gróðursetja plöntur í Barnalundi í Grænásbrekku. Þetta verkefni er styrkt af Yrkjusjóði og fáum við ávallt aðstoð frá félögum í Skógræktarfélagi Suðurnesja við gróðursetninguna. Umhverfisteymi Njarðvíkurskóla og leikskólans Gimlis hafa verið að vinna saman að undirbúningi til að gera þetta svæði að sameiginlegu útikennslusvæði. Í síðustu viku fengum við hóp sjálfbodaliða víðsvegar frá Evrópu sem starfa fyrir samtökin Veraldarvini en þau starfa með allt að 1500 sjálfbodaliðum á hverju ári. Þeir unnu í Barnalundi, undir leiðsögn Guðmundar Hrafn Ásgrímssonar landslagsarkitekts, að hönnun og smíði á útikennsluskýli, gróðursetningu og viðhalds á hjólabraut.

Skólaslit	1
Vorhátíð	1
Barnalundur	1
Þemadagar	2
Umbun fyrir ástundun	2
Sumarlestur	2
Vorferðir	2
Afmæli skólans	3
Skreytineitor XO-7000	3
PBS	3
Innritun í framhaldsskóla	4
Útivistartími barna	4
Frístundaskólinn	4
Óskilamunir	4
Sumarkveðja	4

Vefsíða skólans:

www.njardvikurskoli.is

Njarðvíkurskóli
V/Brekkustíg
260 Njarðvík
Ásgerður Þorgeirsdóttir
skólastjóri/ábyrgðarmaður
Sími: 420-3000



Þemadagar

Dagana 31. maí og 4. - 5. júní verða þemadagar í skólanum þar sem þemað verður náttúran. Nemendur heimsækja ákveðin útvistar svæði í nánasta umhverfi og er það í höndum umsjónarkennara hvers hóps að útfæra nánar hvað gert er á hverjum stað. Nemendur mæta í sína heimastofu kl. 8:15 og eru hjá umsjónarkennara til kl. 13:20 en þá lýkur skóladegi. Markmið þemadaga er að efla fjölbreytileika í skólastarfinu og nýta nánasta umhverfi skólans til náms og skemmtunar. Dæmi um vettvangsferðir eru ratleikur í Barnalundi, bryggjuveiði, heimsókn í Stekkjarkot, Víkingaheima og Landnámsdýragarð. Nemendur í 10. bekk eru til aðstoðar í tvo daga en fyrsta daginn vinna þeir að uppgjöri starfskynningar sem þeir fara í dagana 29. og 30. maí.

Umbun fyrir góða ástundun

Í janúar sl. ræddu stjórnendur við nemendur í 6. - 10. bekk um mikilvægi góðrar mætingar í skóla. Var þeim tilkynnt að í lok skólaárs yrði þeim umbunað sem sýndu góða ástundun. Miðvikudaginn 16. maí sl. var komið að þeirri umbun. 141 nemandi í 6.-10. bekk vann sér þessa umbun inn en það eru 67% nemenda í þessum árgöngum. Nemendum var boðið upp á pítsu, gos og súkkulaði í eftirrétt í íþróttamiðstöðinni í hádeginu. Það voru flottir og þrúðir krakkar sem komu til veislunnar. Þeir sem ekki náðu að vera með „hreint borð“ í mætingu ætla að gera betur næst og spurðu strax hvort þetta yrði ekki endurtekið á næsta skólaári.



Allir lesa í sumar !

Æfingin skapar meistarann!

Eins og undanfarin sumur stendur Bókasafn Reykjanesbæjar fyrir sumarlestri fyrir grunn-skólanemendur í bæjarfélaginu. Nemendur fá bækling frá bókasafni, sem sendur verður í tölvupósti frá skólanum, til að skrá niður það sem þeir lesa. Einnig fá nemendur með sér blað á skólaslitum um sumarlestur Njarðvíkurskóla. Allir nemendur eiga að lesa að minnsta kosti 3 bækur að eigin vali í sumar sem þeir skrá á blaðið og foreldrar kvitta fyrir. Blaðinu skal svo skilað til umsjónarkennara í haust og aldrei að vita nema duglegir lestrahestar fái viðurkenningu fyrir. Við hvetjum alla nemendur til að vera duglega að lesa í sumar.

Vorferðir nemenda 1. - 9. bekk



Nú líður að vorferðum nemenda en þær verða farnar í næstu viku. 1. bekkur fer í Sólbrekkuskóg, 2. - 3. bekkur verður í nánasta umhverfi skólans, nemendur í 4. - 5. bekk ætla að ferðast um Reykjanesið og nemendur í 6., 7., 8. og 9. bekk fara til Reykjavíkur. Nánari upplýsingar um ferðirnar verða sendar heim frá umsjónarkennurum hvers hóps á næstu dögum.

Afmæli skólans

70 ára afmæli skólans var haldið hátíðlegt föstudaginn 4. maí. Í upphafi afmælisdagsins setti hver árgangur hólk, sem hafði að geyma ýmsa muni, í tímahylki sem verður opnað á 100 ára afmæli skólans. Formleg dagskrá hófst síðan í íþróttahúsinu þar sem nemendur og starfsmenn skólans, ásamt gestum, komu saman og hlýddu á ávörp, söng nemenda og atriði úr skólaleikritinu Skreytineitor XO-7000. Afmælisgestum var síðan boðið upp á veglega sögusýningu í skólanum, gómsætar veitingar og tónlistaratriði í flutningi nemenda í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Við þökkum öllum þeim sem sóttu skólann heim á afmælisdaginn og fögnuðu með okkur. Einnig viljum við þakka góðar kveðjur, gjafir og velvilja í garð skólans.



Tímahylkið

Fyrirverandi starfsmenn

Prúðbúnir nemendur

Fyrstu nemendur skólans


Skreytineitor XO-7000

Undanfarna mánuði hafa nemendur á unglíngastigi æft skólaleikritið Skreytineitor XO-7000 undir leikstjórn Garúnar. Leikritið var hluti af afmælishátíð skólans og styrkt af Kvenfélaginu Njarðvík. Eftir þrotlausar æfingar fengu nemendur og afmælisgestir að sjá sýnishorn úr sýningunni á afmælishátíð skólans. Verkið var svo frumsýnt mánudaginn 7. maí sl. við góðar undirtektir og stóðu allir þeir nemendur sem komu að sýningunni sig með stakri þrýði. Nemendur 2. - 10. bekk fengu að sjá leikritið daginn eftir en nemendur í 1. bekk heimsóttu Háaleitisskóla föstudaginn 11. maí og horfðu á leikritið með nemendum þar.



PBS í Njarðvíkurskóla

Vinna í agakerfinu „Stuðningur við jákvæða hegðun” eða PBS eins og við köllum það í daglegu tali hefur gengið vel í vetur en þetta er 5. árið okkar í PBS. Við höfum innleiðingu á eineltisforvörnum í haust sem eru byggðar á sömu hugmyndafræði og nefnast “Stöndum saman”. Þetta er aðferð sem byggir á því að kenna nemendum hvernig þeir bregðast við öðrum nemendum sem sýna þeim óæskilega hegðun og hvað þeir gera í framhaldi. Aðferðin gengur út á að nemendur nota ákveðið „stopp” merki, ganga í burtu og í framhaldi segja fullorðnum frá. Við kennum nemendum aðferðina og æfum hana með þeim. Nemendur æfa sig í að vera í hlutverki geranda, þolanda, fullorðins einstaklings og áhorfanda. Þeir setja sig í spor þeirra sem þeir eru í hlutverki fyrir og eiga þ.a.l. auðveldara með að nýta sér kerfið. Eins og síðustu ár vinnur PBS teymi skólans með teymlum Holtaskóla og Myllubakkaskóla sem er góður stuðningur. Þá hitta teymisstjórar skólanna reglulega teymisstjóra frá grunnskólum í Reykjavík og fá þar margar góðar hugmyndir.



Sumarleyfi nemenda hefst fimmtudaginn 7. júní 2012.

Skólasetning í haust verður miðvikudaginn 22. ágúst 2012.

Tímasetningar verða nánar auglýstar í staðarblöðum og á heimasíðu skólans. Hittumst hress og kát að loknu sumarleyfi.

INNTRITUN Í FRAMHALDSSKÓLA

Nemendur í 10. bekk þurfa að sækja rafrænt um í framhaldsskóla. Fara skal inn á www.menntagatt.is og slá þar inn lykilorð sem nemendur hafa þegar fengið í skólanum eða sent heim. Forinnritun var 12. - 30. mars en hægt er að gera breytingar á umsókn á tímabilinu 4. maí - 8. júní. **Mikilvægt er að nemendur hafi fyllt út umsóknina í síðasta lagi 8. júní svo skólavist sé vís.** Nemendum er bent á að hafa samband við Guðjón, námsráðgjafa skólans, ef þeir þurfa frekari aðstoð eða leiðbeiningar.

Nemendur sem fara í fornám verða að panta tíma, ásamt foreldri, hjá námsráðgjafa í FS, dagana 7., 8. og 11. júní 2012.

Óskilamunir

Í vetur hefur safnast mikið af óskilamunum í skólanum. Þeim verður ráðað upp á ganginum á 1. hæð og hvetjum við foreldra til að athuga hvort þeir kannist við eitthvað af þessum munum.

Breytingar á stjórn skólans

Ásgerður Þorgeirsdóttir hefur verið ráðin skólastjóri við Njarðvíkur- og Háaleitisskóla frá og með næsta hausti. Hún hefur gegnt stöðu skólastjóra í vetur í leyfi Láru Guðmundsdóttur.

Guðný Björg Karlsdóttir hefur leyst af sem aðstoðarskólastjóri í vetur en hefur verið ráðin aðstoðarskólastjóri við skólann.

Útivistartími

1. maí breyttist útivistartími barna. Börn yngri en 12 ára mega vera úti til kl. 22:00 og börn 12 ára og eldri mega vera úti til kl. 24:00, miðað er við aldursár. Það er mikilvægur þáttur í forvörnum að virða útivistartíma barna.

FRÍSTUNDASKÓLINN

Þriðjudagurinn 5. júní er síðasti dagurinn sem Frístundaskólinn er opin á þessu skólaári. Foreldrar nemenda í 1.-4. bekk og eldri deild frístundaskóla eru hvattir til að sækja um í Frístundaskóla fyrir næsta skólaár til að vera vissir um að börn þeirra fái aðgang. Sótt er um á mittreykjanes.is eða á skrifstofu skólans.

Athugið að sækja þarf um vistun í Frístundaskólann **árlega**.

Kæru nemendur og foreldrar!

Þökkum kærlega fyrir veturinn og óskum ykkur gleðilegs sumars!

Starfsfólk Njarðvíkurskóla.